

Fjármálaráðuneytið  
Kærunefnd útboðsmála20.  
b.t. Ingunnar Hilmarsdóttur  
Arnarhvoli við Lindargötu  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2016.

## KÆRA

**Kærendur:** a. Andrés Eyberg Magnússon, kt. 120455-5839 (Efsti Hóll ehf. kt. 430502-3360),  
b. All Iceland Tours ehf, kt. 530114-0740,  
c. Björn Páll Angantýsson, kt. 030266-5289,  
d. Björn Úlfarsson, kt. 260862-4649 (Aldey ehf, kt. 670701-2120),  
e. Haraldur Örn Arnarson, kt. 300161-3679 (Ferðaglaður ehf kt. 610610-0720).

**Varnaraðili:** Hafnarfjarðarkaupstaður, kt.590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

**Efni:** Brot kærða á skilmálum samningskaupa B-hluta samningskaupa og rammasamningum um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna.

### Kröfur

Kærendur gera eftirfarandi kröfur:

1. Kærendur krefjast þess að kærunefnd útboðsmála stöðvi um stundarsakir í samræmi við heimild 96.gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 (LOI) það innkaupafjerli sem varnaraðili hefur ákveðið að fara í sbr. ákvörðun fjölskylduráðs Hafnarfjarðar frá 15. janúar 2016, sbr. staðfestingu þar um frá bæjarlögmanni Hafnarfjarðar frá 29. janúar 2016, þar til kærunefndin hefur endanlega skorið úr um kæru þessa.
2. Í samræmi við 97. gr. LOI krefjast kærendur þess að felld verði úr gildi sú ákvörðun varnaraðila að semja við leigubílastöð um tilfallandi akstur fyrir fatlaða og og fötluð skólabörn og stöðvi það samningsferli eða þau innkaup sem í gangi kunni að vera samkvæmt þeirri ákvörðun.
3. Sé hins vegar kominn á bindandi samningur milli varnaraðila og leigubifreiðastöðvar eða stöðva um að sinna tilfallandi akstri fyrir fatlaða og fötluð skólabörn þannig að nefndin fái slíkan samning ekki úr gildi felldan né breytt skv. 97.gr. , sbr. 100.gr. LOI, þá krefjast kærendur þess að kærunefnd lýsi samning eða samninga varnaraðila við leiguabílastöð eða stöðvar um akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna óvirka, í samræmi við ákvæði 100.gr.a LOI.
4. Allir kærendur krefjast þess að kærunefnd útboðsmála úrskurði um brot varnaraðila á samningskaupum um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna um akstursþjónustu með því að nýta sér ekki þjónustu rammasamningshafa skv. samningskaupaútboði Strætó bs heldur semja við leigubílastöð(var) um tilfallandi akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna, sem ekki eru með rammasamning.
5. Jafnframt krefjast kærendur þess að kærunefnd útboðsmála láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kærendum, vegna brota skv. 1.a og 1.b, sbr. 2.mgr. 97.gr. LOI.
6. Þá er þess krafist að varnaraðila verði gert að greiða kærendum málskostnað vegna kostnaðar kærenda við að hafa kæru þessa uppi, sbr. 3. mgr. 97. gr. s.l.

## Greinargerð

### I. Málsatvik.

Í júní 2014 stóð Strætó bs fyrir innkaupaferli um þjónustuna „Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna. Framkvæmd samningskaupa þessar fylgdi reglum veitutilskipunar nr. 2004/17/EB frá 31. marz 2004 og um samningskaupin vísað til eftirfarandi CPV tilvísunarnúmera, 60000000, 60130000 og 60112000. Samningskaupunum var skipt upp í tvo hluta; annars vegar samningskaupahluta A um innkaup á reglubundinni akstursþjónustu og hins vegar samningskaupahluta B tilfallandi akstursþjónustu. Óskað var eftir umsóknum frá akstursaðilum sem uppfyllt gætu kröfur laga nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga, ásamt reglugerð nr. 528/2002 um fólksflutninga á landi og / eða kröfur laga nr. 134/2001 um leigu-bifreiðar ásamt reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

Kærendur tóku þátt í innkaupaferli vegna samningskaupahluta B og var gerður rammasamningur við þá. Samningskaupaferlinu er lýst í lið 0.1.6 í samningskaupagögnum og hvað til samningskaupagagna heyrir er lýst í lið 0.1.5. Ferlið hófst með auglýsingu á EES-svæðinu eftir áhugasömum aðilum. Síðan voru um-sækjendur valdir sem taldir voru hæfir til að taka þátt í samningskaupaviðræðum. Næst fóru fram viðræður við valda þátttakendur og síðan lokatillögu að rammasamningi og verðtilboði.

Gerður var rammasamningur við eina 18 aðila um framkvæmd akstursþjónustu skamkvæmt samningskaupahluta B. Tóku þeir gildi þann 1. janúar 2015.

Það bar hins vegar svo til á fundi í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar þann 15. janúar 2016 að eftirfarandi var bókað undir lið nr. 5 1405420 – *Ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.*

*Ráðið felur sviðsstjóra að gera samning við leigubílastöð til að sjá um akstur fyrir fatlað fólk sem sannanlega getur nýtt sér leigubíla til ferðaþjónustu. Um tilraunaverkefni verður að ræða.*

Þegar kærendur fengu vitneskju um þetta sendi undirritaður f.h. kæranda erindi til Haraldar Línadal Haraldssonar bæjarstjóra Hafnarfjarðar þann 19. janúar 2016 þar sem hann var inntur eftir því hvort ákvörðun þessi væri endanleg eða hvort eftir ætti að staðfesta hana í bæjarráði eða bæjarstjórn, sbr. fylgiskjal 3.

Þann 29. janúar 2016 sendi Sigríður Kristinsdóttir hrl, bæjarlögmaður Hafnarfjarðar svar til undirritaðs þar sem segir:

*Ákvörðun fjölskylduráðs um að gera samning við leigubílastöð til að sjá um akstur fyrir fatlað fólk sem sannanlega geti nýtt sér leigubíla til ferðaþjónustu er tilraunaverkefni, eins og fram kemur í bókuninni, sem mun standa yfir í 4 mánuði.*

Í svari til bæjarlögmannsins sem undirritaður sendi sama dag var þessari ákvörðun mótmælt. Þann 13. febrúar 2016 sendi undirritaður fyrir hönd kæranda tölvupóst til bæjarlögmanns Hafnarfjarðar þar sem það óskaðist upplýst hvort þessari bókun fjölskylduráðs hefði verið fylgt eftir og samið við leigubifreiðastöð og ef svo væri, hverja.

### II. Málsástæður

#### 1. Brotkærða.

Varnaraðili er einn af eigendum Strætó bs. Öll sveitarfélögin sem standa að Strætó bs., að Kópavogskaupstað undanskildum samþykktu að samningskaupaferli um reglulegan og tilfallandi akstur fyrir fatlaða og fötluð skólabörn skyldi fara fram. Hefur Strætó gert rammasamninga við akstursaðila, þar á meðal kærendur, um að veita fötluðum og fötluðum skólabörnum í Hafnarfirði tilfallandi akstursþjónustu.

Í 34. gr. laga um opinber innkaup er fjallað um rammasamninga. Þar segir meðal annars í 1.mgr:

*Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til, enda séu slík frávik tilgreind í útbodsgögnum.*

Í samningskaupaferlinu vegna tilfallandi aksturs fyrir fatlaða og fötluð skólabörn, var svo búið um hnútana að þeir þjóðendur sem uppfylltu skilyrðin og voru valdir gerðu rammasamning við Strætó um akstur fatlaðra og fötluð skólabörn, meðal annars til og frá Hafnarfirði. Engin frávik voru um það í útboðsgögnum um að Strætó eða einstök sveitarfélög í byggðasamlaginu Strætó gætu leitað með þennan akstur til annarra en rammasamningshafa.

Í greinargerð með frumvarpið til laga um opinber innkaup getur að finna svofellda skýringu á 34.gr.:

*Í samræmi við meginreglur íslensks samningaréttar hefur verið litið svo á að aðilar rammasamnings ættu ekki sjálfðæmi um hvort þeir keyptu inn samkvæmt rammasamningi eða skiptu við aðra aðila. Þeir opinberu aðilar sem á annað borð eru aðilar að rammasamningi eða kerfi fleiri rammasamninga verða samkvæmt þessu að kaupa inn á grundvelli rammasamnings og geta t.d. ekki farið í sjálfstætt útboð vegna vöru eða þjónustu sem fellur undir rammasamning. Af þessum sökum verður seint lögð of mikil áhersla á það að það sé skýrt til hvaða vöru eða þjónustu rammasamningur tekur. Samkvæmt almennum reglum verður einnig að telja heimilt að í rammasamningi sé áskilinn réttur til að kaupa af öðrum en rammasamningshöfum, án þess að það þurfi sérstaklega að taka fram í lagatexta.*

Í greinargerð með 34.gr. er jafnframt vísað til þess að ákvæði 34.gr. laga um opinber innkaup sé í samræmi við 32.gr. ESB-tilskipunar nr. 2004/18 frá 31. marz 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga. Sömu skýringarsjónarmið eiga við.

Varnaraðili er aðili að rammasamningum þeim sem Strætó bs gerði við kærundur og aðra rammasamningshafa. Verður varnaraðili að kaupa þá þjónustu sem rammasamningarnir ná til skv. samningskaupa-gögnum af rammasamningshöfum. Á þessu eru engin tvímæli skv. skýrum lagaheimildum.

#### 2. Krafa um stöðvun innkaupferlis / samningsgerðar.

Þegar þessi kæra er lögð fram liggur ekki fyrir hvort varnaraðili hafi samið við eina eða fleiri leigubílastöðvar um akstur skv. bókun fjölskylduráðs. Þess er krafist í samræmi við 96.gr. LOI að samningar við kærða við leigubílastöðvar, hvort sem það er um einstök aksturverkefni eða til lengri tíma, verði stöðvaðir um stundarsakir, þar til endanlega hefur verið skorið úr kærinni, enda verulegar líkur að því leiddar að með kaupum varnaraðila á þjónustu leigubifreiðastöðva sé verið að brjóta gegn lögum um opinber innkaup og /eða ákvæðum tilskipunar ESB.

#### 3. Krafa um ógildingu ákvörðunar.

Með vísan til 97.gr. LOI er þess krafist að kærunefndin felli úr gildi þá ákvörðun varnaraðila að ganga til samninga við leigubílastöð um tilfallandi akstur fyrir fatlaða og fötllð skólabörn í Hafnarfirði.

#### 4. Krafa um óvirkni samnings / samninga.

Sé málum svo hátt að kærunefndina skorti heimild til þess að fella úr gildi þá ákvörðun varnaraðila að semja við leigubílastöð um tilfallandi akstur fyrir fatlaða og fötluð skólabörn í Hafnarfirði, þar sem kominn sé á bindandi samningur í skilningi 100.gr. LOI, þá er þess krafist í samræmi við 100.gr.a s.l. að nefndin lýsi samning eða samninga kærða við leigubílastöð(var) óvirka.

#### 5. Álit um lögmæti.

Séu engin þau úrræði tæk sem kærundur hafa krafist að nefndin grípi til, krefjast allir kærundur þess að kærunefnd útboðsmála úrskurði um brot varnaraðila á samningskaupum um tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna um akstursþjónustu með því að nýta sér ekki þjónustu rammasamningshafa skv. samningskaupaútboði Strætó heldur semja við leigubílastöð(var) um tilfallandi akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna, sem ekki eru með rammasamning.

#### 6. Skaðabótaskylda.

Hvað varðar þá kröfu kæranda að kærunefnd útboðsmála láti uppi álit sitt á skaðabótaskyldu varnaraðila gagnvart kærendum vegna framangreinds, sbr. 2.mgr. 97.gr. laganna, telja kærundur að öll skilyrði skaðabótaskyldu séu fyrir hendi. Fyrir liggur skýrt brot á reglum um opinber innkaup eins og að framan er rakið. Þá verður að telja að kærundur séu með þessu hlunnfarnir um að sinna þeirri akstursþjónustu sem þeir hafi átt tilkall til að sinna skv. rammasamningum og að við brot varnaraðila hafi tekjumöguleikar kæranda skerst verulega, sbr. 1.mgr. 101.gr. Telja kærundur því öll skilyrði bótaskyldu vera fyrir hendi.

### 7. Málskostnaður.

Krafist er málskostnaðar til handa kærendum í samræmi við 3.mgr. 97.gr. LOI. Málskostnaðaryfirlit verður lagt fram á síðari stigum.

### III. Aðild og áskilnaður.

Kæran beinist að Hafnarfjarðarkaupstað þó að Strætó bs. sé kaupandi þjónustu skv rammasamningum, þar sem það er sveitarfélagið sem tekið hefur þá ákvörðun einhliða og án aðkomu Strætó bs að semja við aðila sem ekki eru aðilar að rammasamningi kæranda við Strætó bs um tilfallandi akstur fyrir fatlaða og fötluð skólabörn. Kærinni er ekki beint að Strætó bs. og er það lagt í hendur kærunefndarinnar að ákveða það hvort Strætó bs. hafi slíkra lögvarinna hagsmuna að gæta í skilningi 95.gr.a LOI að rétt sé að veita Strætó varnaraðild að kærinni, á grundvelli lögvarinna hagsmuna af niðurstöðu kærunnar.

Kærendur áskilja sér rétt til að bæta við kröfur sínar, falla frá þeim að hluta eða öllu leyti eða breyta á síðari stigum eftir því sem sjónarmið kærðu gefa tilefni til og / eða framlagðar upplýsingar.

### **Gögn**

Kærendur vísa til samningskaupagagna og annarra gagna sem lögð voru fram í máli 3/2015. Til viðbótar þeim gögnum er eftirfarandi lagt fram:

1. Samningskaupagön um tilfallandi akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna.
2. Fundargerð Fjölskylduráðs Hafnarfjarðar frá 15. janúar 2016.
3. Tölvupóstur til bæjarstjóra Hafnarfjarðar 19. janúar 2016.
4. Tölvupóstur frá bæjarlögmanni Hafnarfjarðar, dags. 29. janúar 2016.
5. Tölvupóstur til bæjarlögmanns Hafnarfjarðar, dags. 29. janúar 2016.
6. Tölvupóstur til bæjarlögmanns Hafnarfjarðar, dags. 13. febrúar 2016

Kærendur áskilja sér rétt til að leggja fram frekari gögn undir rekstri þessa máls.


Kærendur heimila að tilkynningum nefndarinnar verið beint til lögmanns kæranda með rafrænum hætti á netfangið [sas@reykjaviklawyers.com](mailto:sas@reykjaviklawyers.com).

Virðingarfyllst.



Sveinn Andri Sveinsson hrl.  
[sas@reykjaviklawyers.com](mailto:sas@reykjaviklawyers.com)





# Samningskaup Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna

## Hluti B: Tilfallandi akstursþjónustu

Samningskaupagögn nr. 13261

Júní 2014



## Efnisyfirlit

<b>Skilgreiningar / orðskýringar</b>	<b>4</b>
<b>0 Samningskaupalýsing og skilmálar</b>	<b>6</b>
0.1 Yfirlit	6
0.1.1 Samningskaupalýsing	6
0.1.2 Lauslegt yfirlit yfir akstursþjónustuna	6
0.1.3 Innkaupaform - Samningskaupayfirlit	8
0.1.4 Upplýsingar um kaupanda þjónustu og ráðgjafa	8
0.1.5 Samningskaupagögn	9
0.1.6 Samningskaup – Innkaupaferlið	9
0.1.7 Tímasetningar	11
0.1.8 Skýringar á samningskaupagögnum	11
0.2 Umsókn	12
0.2.1 Gerð og frágangur umsóknar	12
0.2.2 Fylgigögn	13
0.2.3 Auðkenni umsóknar	14
0.2.4 Skil og opnun umsókna	14
0.2.5 Gildistími umsóknar	14
0.2.6 Þóknun fyrir þátttöku í samningskaupaferli	14
0.2.7 Hæfi umsækjanda	14
0.2.8 Val á umsækjendum	15
0.2.9 Val á samningsaðilum	16
0.2.10 Tilkynning um ákvörðun	17
0.3 Samningar	18
0.3.1 Rammasamningur – Tilfallandi akstursþjónusta	18
0.3.2 Samningstími	18
0.3.3 Frestir – Tafabætur	18
0.3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	18
0.3.5 Eftirlit Strætó bs. og samskipti á samningstíma	19
0.3.6 Framlag Strætó bs.	19
0.3.7 Breytingar á þjónustuverki	19
0.3.8 Greiðslur og reikningsskil	19
0.3.9 Verðlagsgrundvöllur	20
0.3.10 Fyrirframgreiðsla	20
0.3.11 Undirverktakar	20
0.4 Ábyrgðir – Tryggingar – Ágreiningsmál	21
0.4.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	21
0.4.2 Samningstrygging	21
<b>vsó</b>	<b>2</b>



0.4.3	<i>Veðsetningar – Eignaréttarfyrrvarar</i>	21
0.4.4	<i>Misræmi í gögnum</i>	21
0.4.5	<i>Ágreiningsmál</i>	21
0.5	Samskipti og vinnustaður	22
0.5.1	<i>Samskipti</i>	22
0.5.2	<i>Athafnasvæði og vinnuaðstaða</i>	22
0.5.3	<i>Húsnæði fyrir starfsmenn</i>	22
0.6	Frágangur og gæði þjónustu	23
0.6.1	<i>Verkstjórn akstursaðila og fundir</i>	23
0.6.2	<i>Gæði þjónustu</i>	23
0.6.3	<i>Námskeið</i>	23
0.6.4	<i>Samskipti við yfirvöld</i>	23
<b>1</b>	<b>Þjónustulýsing</b>	<b>24</b>
1.1	Almenn atriði	24
1.1.1	<i>Almennt um þjónustuverkið</i>	24
1.1.2	<i>Skipulag aksturs – pöntun þjónustu</i>	24
1.1.3	<i>Þjónustuver Strætó bs. - samskipti - kvartanir</i>	25
1.1.4	<i>Eftirlit - úttektir</i>	25
1.1.5	<i>Kröfur um rekstrarvagna og gæði búnaðar</i>	25
1.1.6	<i>Gæðastýring</i>	26
1.1.7	<i>Auglýsingar</i>	26
1.2	Akstur	26
1.2.1	<i>Almennt</i>	26
1.2.2	<i>Kröfur til bifreiðastjóra</i>	26
1.2.3	<i>Þjónusta við farþega</i>	28
2.1	Rammasamningur, sýnishorn	29
	<b>UMSÓKNAREYÐUBLAÐ</b>	<b>31</b>
	<b>Eyðublað III: Yfirlit yfir helstu sambærileg verk sem umsækjandi hefur unnið</b>	<b>32</b>
	<b>Eyðublað IV: Skrá yfir rekstrarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið</b>	<b>34</b>
	<b>Fylgiskjal 1 – Kröfur Strætó bs. til rekstrarvagna</b>	
	<b>Fylgiskjal 2 – handbok_vagnstjora_vor_2014</b>	
	<b>Fylgiskjal 3 – Umhverfis- og öryggishandbók Strætó_3.útgáfa</b>	



## Skilgreiningar / orðskýringar

### SKAL

Orðið „skal“ í samningskaupagögnum þessum merkir að tiltekið atriði eða krafa er ófrávíkjanleg, þ.e. umsækjandi verður í umsókn sinni að uppfylla slík atriði eða kröfur. Að öðrum kosti verður umsókn hans vísað frá.

### ÞARF

Orðið „þarf“ í samningskaupagögnum þessum merkir að tiltekið atriði eða kröfur er umsækjanda heimilt að uppfylla í mismiklum mæli í umsókn sinni. Hægt er að taka slík atriði eða kröfur inn í matslíkan samningskaupaskilmála og meta tilsvareandi þátt umsækjanda til stiga eða einkunnar. Ef um slíkt er að ræða þá er það tekið sérstaklega fram í matslíkani samningskaupagagna.

### SAMNINGSKAUP

Samningskaup er innkaupaferli þar sem kaupandi ræðir við seljendur samkvæmt fyrir fram ákveðnu ferli, sem þeim hefur áður verið kynnt, og semur við einn eða fleiri þeirra.

### KAUPANDI

Með kaupanda er átt við þann sem er kaupandi þess verks, vöru eða þjónustu sem boðin er út.

### VERKTAKI, SELJANDI, VERKSALI EÐA AKSTURSAÐILI

Orðin „verktaki, seljandi, verksali eða akstursaðili“ standa fyrir umsækjanda sem samið er við að undangengnu innkaupaferli.

### REKSTRARVAGN

Orðið „rekstrarvagn“ í samningskaupagögnum þessum stendur fyrir hópferðabifreið eða leigubifreið samanber kröfur fylgiskjals 1 „Kröfur Strætó bs. til rekstrarvagna fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna“.

### LÖGBUNDNIR FRÍDAGAR

Lögbundnir frídagar eru þessir:

- |                         |   |
|-------------------------|---|
| ▶ 1. janúar, nýársdagur | ▶ Annar í hvítasunnu                        |
| ▶ Skírdagur             | ▶ 17. júní, þjóðhátíðardagur Íslands        |
| ▶ Föstudagurinn langi   | ▶ Frídagur verslunarmanna                   |
| ▶ Páskadagur            | ▶ 24. desember, aðfangadagur frá kl. 13.00  |
| ▶ Annar í páskum        | ▶ 25. desember, jóladagur                   |
| ▶ Sumardagurinn fyrsti  | ▶ 26. desember, annar í jólum               |
| ▶ 1. maí                | ▶ 31. desember, gamlársgangur frá kl. 13.00 |
| ▶ Uppstigningardagur    |   |
| ▶ Hvítasunnudagur       |   |





Fjöldi frídaga á hverju ári er nokkuð breytilegur af því að sumir þessara daga falla stundum á laugardaga eða sunnudaga, eins geta þeir fallið hver á annan. Til dæmis lenti sumardagurinn fyrsti á skírdag árið 2011 en það getur gerst þar sem báða þessa daga ber alltaf upp á fimmtudag og vegna færanleika páskanna og þess að sumardagurinn fyrsti er innan þess færanlega tímabils, geta þeir oft lent saman.

Við talningu þarf einnig að taka tillit til þess að páskadagur og hvítasunnudagur falla alltaf á sunnudag, sem er því í sjálfu sér frídagur hvort eð er. Munurinn er samt sá að samkvæmt þeim þremur skilgreiningum á helgi daga þá er yfir páskadegi og hvítasunnudegi meiri helgi en venjulega sunnudaga.

Því eru það tólf frídagar sem ekki geta lent á laugar- eða sunnudegi, þar af sjö sem eru bundnir virkum dögum en fimm sem geta lent á helgum sökum þess að þeir eru bundnir ákveðnum mánaðardögum svo sem 17. júní. Eins eru ekki taldir með í þessum tólf frídögum, aðfangadagur og gamlársgangur, þar sem þeir eru bara frídagar til hálf, það er frá kl. 13.00. Af þessu leiðir að frá ári til árs geta þessir frídagar rokkað á milli átta til tólf daga.

## 0 Samningskaupalýsing og skilmálar

### 0.1 Yfirlit

#### 0.1.1 Samningskaupalýsing

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar fyrir hönd byggðasamlagsins Strætó bs. óskar eftir áhugasömum aðilum til þess að taka þátt í innkaupaferli um þjónustuna „Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna“. Umsókn skal gera samkvæmt samningskaupagögnum þessum eins og þeim er lýst í grein 0.1.5 „Samningskaupagögn“.

Framkvæmd samningskaupa þessa fylgir reglum veitutilskipunar nr. 2004/17/EB frá 31. mars 2004. Um samningskaup þessi er vísað til eftirfarandi CPV tilvísunarnúmera; 60000000, 60130000 og 60112000.

Samningskaupum þessum er skipt í tvo hluta, annars vegar **samningskaupahluti A** um innkaup á reglubundinni akstursþjónustu, og hins vegar **samningskaupahluti B** um innkaup á tilfallandi akstursþjónustu.

#### **Samningskaupalýsing og skilmálar þessir (Hluti B) eiga eingöngu við samningskaupahluta B.**

Óskað er eftir umsóknum frá akstursaðilum sem geta uppfyllt kröfur laga nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga ásamt reglugerð nr. 528/2002 um fólksflutninga á landi og/eða kröfur laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar ásamt reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

**Samningskaupahluti B** afmarkast við **tilfallandi akstursþjónusta**. Að loknu innkaupaferli verða gerðir rammasamningar um tilfallandi akstursþjónustu við tiltekinn fjölda akstursaðila sem uppfylla hæfniskröfur.

**Áhugasömum aðilum er heimilt að taka þátt í báðum samningskaupahlutum (A og B), en ef tilboð umsækjanda fyrir reglubundna akstursþjónustu verður valið til samninga í hluta A, þá fellur tilboð í tilfallandi akstursþjónustu niður nema ekki sé um sömu rekstrarvagna og starfsfólk að ræða og boðnir voru fram í tilboði í hluta A.**

#### 0.1.2 Lauslegt yfirlit yfir akstursþjónustuna

Með samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks, dags. 19. maí 2014, er Strætó bs. falið að hafa umsjón með akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Reykjavíkurborg, Hafnarfjörð, Garðabæ, Seltjarnarneskaupstað og Mosfellsbæ. Kópavogsbær er aðili að ofangreindu samkomulagi, en mun ekki nýta sér þjónustu Strætó bs. að svo stöddu, en samkomulag bíður upp á að það geti breyst. Sveitarfélögin geta ákveðið að nýta þessa akstursþjónustu fyrir aðra hópa svo sem eldri borgara samkvæmt sérstökum reglum þar um.

Þjónustuverkefnið sem hér er um ræðir felst í því að annast akstur á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2015 – 2019 fyrir Strætó bs. í samræmi við ofanefnt samkomulag.

Til þjónustuverkefnisins heyrir útvegum rekstrarvagna og fjármögnun þeirra ásamt viðhaldi og rekstri, sjá nánar kafla 1. Rekstrarvagnar skulu að lágmarki uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru sem „skal“ kröfur í þessum gögnum.

Náist um það samkomulag milli aðila er heimilt að framlengja samningi tvisvar sinnum, um eitt ár í senn.



Til upplýsingar þá stefnir Strætó bs. að því að auka þjónustu fyrir almenning með uppbyggingu á sveigjanlegu almenningsamgöngukerfi (FLEX-þjónusta) samhliða uppbyggingu á akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna. FLEX þjónusta er, eins og nafnið gefur til kynna, sveigjanlegri en hefðbundnar almenningsamgöngur. Markmiðið með þessu er að þá er hægt að raða farþegum saman í bíl eftir því sem hagkvæmast er, þannig að ferðalagið nýtist sem best. Þegar FLEX-þjónusta verður innleidd hjá Strætó bs. þá mun akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna verða samnýtt þeirri þjónustu.



### 0.1.3 **Innkaupaform - Samningskaupayfirlit**

#### Innkaupaformform

Innkaupaform sem hér er um að ræða flokkast undir samningskaup (e. negotiated procedures).

Samningskaup þessi eru auglýst á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

#### Samningskaupayfirlit

- ▶ Afhending samningskaupagagna 10. júní 2014
- ▶ Fyrirspurnatíma lýkur 23. júní 2014 Sjá nánar grein 0.1.8
- ▶ Svarfrestur rennur út 26. júní 2014 Sjá nánar grein 0.1.8
- ▶ Skil umsókna um þátttöku 2. júlí 2014, kl.14:00 Sjá nánar grein 0.2.4
- ▶ Upphaf samningstíma Við töku tilboðs Sjá nánar grein 0.3.2
- ▶ Lok samningstíma 31. desember 2019 Sjá nánar grein 0.3.2
- ▶ Tilboðstrygging Skuldbinding tengd undirritun tilboðs Sjá nánar grein 0.2.5
- ▶ Kröfur til umsækjenda Sérstakar kröfur gerðar um hæfni og reynslu umsækjanda Sjá nánar grein 0.2.7
- ▶ Verðlagsgrundvöllur Samningur verðbætist Sjá nánar grein 0.3.9
- ▶ Fylgigögn með umsókn 1. Umsóknareyðublað Sjá nánar grein 0.2.2  
2. Eyðublað III & IV
- ▶ Opnunarstaður umsókna Innkaupadeild Reykjavíkurborgar Sjá nánar grein 0.2.4  
Borgartún 12 – 14  
105 Reykjavík

### 0.1.4 **Upplýsingar um kaupanda þjónustu og ráðgjafa**

#### 0.1.4.1 *Kaupandi þjónustu*

**Kaupandi þjónustu:** Strætó bs.  
Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
Heimasíða : [www.straeto.is](http://www.straeto.is)

#### 0.1.4.2 *Umsjónaraðili með innkaupum*

**Umsjón með innkaupum:** Innkaupadeild Reykjavíkurborgar  
Borgartún 12 - 14, 105 Reykjavík  
Tölvupóstfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)  
Heimasíða: [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)  
Sími: 411 1111  
Bréfsími: 411 1048

#### 0.1.4.3 *Ráðgjafar*

Eftirtaldir aðilar eru ráðgjafar Strætó bs.:

**Samningskaupagögn:** VSÓ Ráðgjöf ehf.  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

**0.1.5 Samningskaupagögn**

Til samningskaupagagna teljast eftirfarandi gögn:

- a) Samningskaupagögn þessi nr. 13261, dags. í júní 2014
- b) Umsókn
- c) Eyðublöð III & IV
- d) Fylgiskjöl sem fylgja samningskaupagögnum þessum
- e) Fyrirspurnir og svör við þeim, samanber grein 0.1.8
- f) Lög, reglugerðir, staðlar og önnur gögn, sem vísað er til í ofantöldum gögnum eða gilda um framkvæmd þessa. Umsækjandi skal sjálfur afla þeirra gagna sem talin eru upp í þessum lið

**0.1.6 Samningskaup – Innkaupaferlið**

Auglýsing eftir áhugasömum aðilum er fyrsta stig innkaupaferilsins vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna. Með auglýsingunni er leitað eftir umsækjendum sem áhuga hafa á að taka þátt í samningskaupaferlinu. Gerður verður rammasamningur við þá umsækjendur sem verða fyrir valinu í samningskaupaferlinu.

Samningskaupaferlið skiptist niður í eftirtalin fimm stig:

1. Auglýst eftir áhugasömum aðilum.

Auglýst eftir áhugasömum aðilum til þess að taka þátt í samningskaupum.  
Auglýst á EES svæðinu.

2. Hæfir umsækjendur valdir.

Umsækjendur sem metnir eru hæfir fá boð um að taka þátt í samningskaupaviðræðum.

3. Viðræður við valda þátttakendur.

Viðræður við hvern og einn þátttakanda þar sem farið er yfir tillögur og lausnir ásamt því að komið er með ábendingar og athugasemdir til umræðu. Á þessu stigi er fyrir séð að eftirfarandi atriði verði rædd:

- Kröfur til rekstrarvagna
- Tíma- og verkáætlun umsækjanda frá undirskrift samnings að upphafi aksturs
- Vinnutími og vaktafyrirkomulag

Við upphaf viðræðna munu fulltrúar Strætó bs. og VSÓ Ráðgjafar undirrita yfirlýsingu um að þeir séu bundnir trúnaðar- og þagnaskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um frá hverjum og einum þátttakanda.

Viðræður verða hugsanlega endurteknar við alla eða einstaka umsækjendur uns tillögur og lausnir fullnægja þörfum kaupanda. Einnig getur það gerst á þessu stigi að einhverjum umsækjendum verði vísað frá ef fyrir séð er að tillögur og lausnir uppfylla ekki þarfir kaupanda, sem dæmi ef einingarverð stefna í að vera hærri en þjónustuverkefni þetta getur borið. Umsækjendum sem er hafnað fá skriflega tilkynningu um leið og ákvörðun um frávísun er tekin.

4. Lokatillögu skilað ásamt verðtilboði.

Þátttakendur leggja fram endanlegar lausnir og verðtilboð.





## 5. Rammasamningur.

Gerðir verða rammamningar um tilfallandi akstursþjónustu við þá akstursaðila sem uppfylla hæfniskröfur ásamt því að fá hæstu einkunn/ir fyrir á lokatillögu og verðtilboð í samræmi við ákvæði í samningskaupagögnum þessum.

### 0.1.7 Tímasetningar

Gert er ráð fyrir að innkaupaferlið vinnist í samræmi við eftirfarandi tímaramma:

	Upphaf	Endir
<b>Val á þátttakendum</b>	2. júlí 2014	18. júlí 2014
<b>Viðræður við valda þátttakendur</b>	18. júlí 2014	31. júlí 2014
<b>Gerð endanlegra lausna og verðtilboð</b>	31. júlí 2014	13. ágúst 2014
<b>Val á samningsaðilum</b>	13. ágúst 2014	18. ágúst 2014
<b>Samningstími</b>	28. ágúst 2014	31. desember 2019

Gert er ráð fyrir að samningskaupaferli ljúki með gerð rammamninga. Komi upp atvik sem hafa áhrif á tímasetningar verður dagsetningum breytt til samræmis.

### 0.1.8 Skýringar á samningskaupagögnum

Óski umsækjandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á samningskaupagögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á gerð umsóknar, skal hann senda umsýjaraðila sem getið er í grein 0.1.4.2 „Umsýjaraðili með innkaupum“ fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 0.1.3 „Innkaupaform - Samningskaupayfirlit“. Fyrirspurnin skal merkt: Strætó bs. – Samningskaupagögn nr. 13261 og send með símbrefi á númerið 411 1048 eða með tölvupósti á netfangið [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is).

Fyrirspurnir og samhljóða svör verða send öllum þeim sem sótt hafa samningskaupagögn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 0.1.3 „Innkaupaform - Samningskaupayfirlit“. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af samningskaupagögnunum.

**Hafi umsækjendur fyrirspurnir eru þeir hvattir til þess að senda þær eins snemma á fyrirspurnartímanum og tök eru á. Þeim verður svarað eins fljótt og kostur er en ekki beðið eftir því að svarfrestur renni út.**

## 0.2 Umsókn

### 0.2.1 Gerð og frágangur umsóknar

**Samningskaupahluti B** afmarkast við **tilfallandi akstursþjónusta**. Að loknu innkaupaferli verða gerðir rammSAMningar um tilfallandi akstursþjónustu við tiltekinn fjölda akstursaðila sem uppfylla hæfniskröfur.

Umsækjendur skulu fylla út alla liði tilheyrandi umsóknareyðublaðs, sem er hluti af samningskaupagögnum þessum. Litið er á óútfyllta kostnaðarliði á umsóknareyðublaði sem ákvörðun umsækjanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum. Umsækjendur skili inn umsóknareyðublaði útfylltu á pappír og telst prentun úr tölvu fullgild. Umsóknareyðublað skal vera dagsett og undirritað af umsækjanda. Einingarverð skulu vera í heilum krónum.

**Umsækjendur skulu jafnframt skila afriti af umsókn ásamt öllum fylgigögnum á tölvutæku formi, annað hvort á CD/DVD disk eða minnislykli.**

Með samningskaupagögnum þessum fylgir Excel skrá, sem inniheldur ofangreint umsóknareyðublað. Skrá þessi er ætluð til hagræðis fyrir umsækjendur við gerð umsóknar. Strætó bs. ábyrgist ekki áreiðanleika skrárinnar og er umsækjendum bent á að bera innihald Excel skrárinnar og umsóknareyðublaðs í samningskaupagögnum rækilega saman. Umsóknareyðublað í samningskaupagögnum gildir sé um misræmi að ræða. Umsækjandi skal ganga úr skugga um að verðtilboð hans sé rétt.

Inn í verðtilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Vakin er athygli á ákvæðum 3. mgr. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

#### 0.2.1.1 Verðtilboð

Í hverju einstöku einingarverði, skal vera innifalinn allur tilheyrandi kostnaður akstursaðila, hverju nafni sem nefnast kann af viðkomandi tilboðslið.

Á tilboðsblaði skal þjóðandi gefa einingaverð í eftirfarandi tilboðsliði:

- ▶ Tilboðsliður A : Þóknun fyrir hverja ekna akstursstund samkvæmt pöntun, kr./klst.  
Þóknun skal innifela allan kostnað akstursaðila, hverju nafni sem nefnast kann, fyrir akstur samkvæmt pöntun.  
Þóknun skal miðast við þjónustutíma frá kl.: 7:30 til 17:30 alla virka daga ársins. Lögbundnir frídagar eru ekki meðtaldir.
- ▶ Tilboðsliður B : Þóknun fyrir hverja ekna akstursstund samkvæmt pöntun, kr./klst.  
Þóknun skal innifela allan kostnað akstursaðila, hverju nafni sem nefnast kann, fyrir akstur samkvæmt pöntun.  
Þóknun skal miðast við þjónustutíma frá kl.: 6:30 til 7:30 og frá kl.: 17:30 til 24:00 alla virka daga ársins og alla laugardaga ársins frá kl.: 7:30 til 24:00. Lögbundnir frídagar eru ekki meðtaldir.
- ▶ Tilboðsliður C : Þóknun fyrir hverja ekna akstursstund samkvæmt pöntun, kr./klst.  
Þóknun skal innifela allan kostnað akstursaðila, hverju nafni sem nefnast kann, fyrir akstur samkvæmt pöntun.

Þóknun skal miðast við þjónustutíma frá kl.: 7:30 til 24:00 alla  
sunnudaga ársins ásamt öllum lögbundnum frídögum.

## 0.2.2 Fylgigögn

Auk þess að skila inn umsóknareyðublaði samkvæmt grein

0.2.1 „Gerð og frágangur umsóknar“ skulu umsækjendur skila eftirfarandi gögnum með  
umsókn sinni:

- ▶ Ársreikningur 2013 áritaður án athugasemda um rekstrarhæfi félagsins af löggildum  
endurskoðenda. Þegar um einstakling með atvinnurekstur í eigin nafni er að ræða, er  
óskað eftir staðfestum ljósritum af skattaskýrslum.
- ▶ Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með  
opinber gjöld.
- ▶ Staðfestingu frá þeim lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að umsækjandi  
sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.
- ▶ Staðfestingu viðkomandi yfirvalda um að umsækjandi sé ekki í nauðasamningum eða  
gjaldprotaskiptum.
- ▶ Afrit af starfs- eða rekstrarleyfi og öllum tilskildum leyfum og vottorðum til reksturs  
hópfærðþjónustu og fólksflutninga í atvinnuskyni og/eða leigubifreiðaaksturs.
- ▶ Lista yfir verkefni sem umsækjandi, eigendur eða starfsmenn hafa unnið á  
síðastliðnum 10 árum og sýnir að eigendur eða starfsmenn hafi a.m.k. þriggja ára  
samfellda reynslu af sambærilegri akstursþjónustu og hér um ræðir í tengslum við  
leyfisbundna fólksflutninga og/eða leigubifreiðaaksturs, sbr. Eyðublað III: Yfirlit yfir  
helstu sambærileg verk sem umsækjandi hefur unnið.
- ▶ Skrá yfir rekstrarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið, sbr. Eyðublað  
IV: Skrá yfir rekstrarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið. Ef  
umsækjandi hyggst ekki kaupa nýjan rekstrarvagn fyrir þetta verkefni þá skal hann  
jafnframt skila með umsókn skýrslu um viðhald- og rekstur viðkomandi rekstrarvagns  
sem sýnir fram á að rekstrarvagn sé í góðu standi þrátt fyrir aldur hans.
- ▶ Tíma- og verkáætlun umsækjanda fyrir tímabilið frá undirskrift samnings til upphaf  
aksturs. Tíma- og verkáætlun skal sýna hvernig umsækjandi stefnir að því að  
uppfylla kröfur sem skilgreindar eru í samningskaupagögnum þessum varðandi  
útvegum rekstrarvagna, ráðningu starfsfólks o.fl.

Skili umsækjandi ekki með umsókn sinni umbeðnum gögnum áskilur Strætó bs. sér rétt til  
að vísa umsókn hans frá sem ógildri.

**0.2.3 Auðkenni umsóknar**

Umsóknum skal skilað í lokuðu umslagi, þannig merktu:

**Samningskaup****Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna****Hluti B: Tilfallandi akstursþjónusta****Samningskaup nr.: 13261****Umsókn****Nafn umsækjanda:**

Vakin er sérstök athygli umsækjenda á að ef þeir merkja ekki umslög sem innihalda umsókn á ofangreindan hátt, eiga þeir á hættu að umsókn þeirra komist ekki til skila á réttum stað í tæka tíð fyrir opnun umsókna.

**0.2.4 Skil og opnun umsókna**

Umsóknir ásamt fylgigögnum skulu hafa borist til þess aðila sem getið er í grein 0.1.3 „Innkaupaform - Samningskaupayfirlit“ (Opnunarstaður umsókna), eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í sömu grein (Opnunartími umsókna) og verða þau opnuð þar og lesið upp nöfn umsækjanda að viðstöddum þeim umsækjendum sem þess óska.

Geti umsækjandi ekki komið útfylltum umsóknargögnum á opunarstað til opunar, er þá heimilt að senda umsóknareyðublað með símbréfi eða tölvupósti á opunarstað og skal það hafa borist áður en skilafrestur er runninn út, en umsækjandi skal þá jafnframt hafa póstlagt með ábyrgðarpóstsendingu, a.m.k. degi áður en opnun umsókna fer fram, gögn sem fylgja eiga umsókninni og skal staðfesting þess efnis fylgja með símbréfinu eða tölvupóstinum. Séu umsókn send með pósti, símbréfi eða tölvupósti er umsækjandi ábyrgur fyrir því að umsókn komist í réttar hendur fyrir opnun umsókna.

**Athygli umsækjenda er vakin á að þeir einir eru ábyrgir fyrir því að koma umsóknum sínum til skila í tæka tíð fyrir opnun umsókna, að öll tilskilin gögn fylgi með umsókninni og að þau séu merkt í samræmi við kröfur samningskaupagagna.**

**0.2.5 Gildistími umsóknar**

Með undirritun á umsókn sinni skuldbindur umsækjandi sig til að standa við umsóknina í 12 vikur frá afhendingu umsóknar.

**0.2.6 Þóknun fyrir þátttöku í samningskaupaferli**

Strætó bs. mun ekki greiða þóknun fyrir þátttöku í samningskaupaferli þessu.

**0.2.7 Hæfi umsækjanda**

Til að unnt verði að meta hæfi umsækjenda til að taka þátt í samningskaupum þessum, er óskað eftir ítarlegum upplýsingum um fyrirtæki umsækjanda og reynslu þess af sambærilegri akstursþjónustu og hér um ræðir sbr. grein 0.2.2 „Fylgigögn“.



Það er mikilvægt að upplýsingar þessar séu greinargóðar og nákvæmar.

### **Fjárhagslegt hæfi umsækjenda**

Gerðar eru eftirfarandi kröfur um fjárhagslegt hæfi til umsækjenda:

- ▶ Umsækjandi skal vera í skilum með opinber gjöld.
- ▶ Umsækjandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.
- ▶ Ársreikningur umsækjanda fyrir síðastliðið ár (2013) skal sýna jákvætt eigið fé.

Ekki verður gengið til samninga við umsækjanda nema eitt af eftirfarandi skilyrðum um eigið fé séu uppfyllt og skilað með umsókn:

- ársreikningur fyrir 2013 áritaður af löggildum endurskoðanda sem sýnir jákvæða eiginfjárstöðu og án athugasemda um rekstrarhæfi félagsins.
- Árshlutareikningur fyrir 2014 áritaður af löggildum endurskoðanda sem sýnir jákvæða eiginfjárstöðu og án athugasemda um rekstrarhæfi félagsins.
- Yfirlýsing frá löggildum endurskoðanda sem sýnir fram á jákvæða eiginfjárstöðu við skil umsóknar.

- ▶ Nauðasamningar eða gjaldþrotaskipti.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda umsækjanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða umsækjanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur Strætó bs. sér rétt til að hafna umsókn hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

### **Hæfni og reynsla umsækjanda**

Gerðar eru eftirfarandi kröfur um hæfni og reynslu umsækjenda:

- ▶ Umsækjandi, eigendur eða starfsmenn skulu uppfylla kröfur um hæfni og reynslu:

Til að koma til álita sem akstursaðili er gerð sú krafa að umsækjandi hafi a.m.k. þriggja ára samfellda reynslu á síðastliðnum 10 árum af sambærilegri akstursþjónustu og hér um ræðir í tengslum við leyfisbundna fólksflutninga og/eða leigubifreiðaaksturs.

Við mat Strætó bs. á reynslu umsækjanda samkvæmt þessu ákvæði er Strætó bs. heimilt að taka tillit til reynslu eigenda, stjórnenda og lykilstarfsmanna af sambærilegum verkefnum og leggja slíka reynslu að jöfnu við reynslu umsækjandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá umsækjanda. Sé þetta gert skal umsækjandi sýna fram á að hann hafi aðgang að umræddri reynslu fyrir framkvæmd samnings, t.d. með formlegri staðfestingu frá viðkomandi aðila.

Strætó bs. kannar hæfi umsækjanda m.t.t. ofangreindra upplýsingum. Ef umsækjandi uppfyllir ekki öll skilyrði um fjárhagslegt hæfi, hæfni og reynslu verður umsókn hans vísað frá.

#### **0.2.8**

#### **Val á umsækjendum**

Umsækjendur sem hafa skilað inn umsókn í samræmi við grein 0.2 „Umsókn“ og uppfylla skilgreind skilyrði um hæfi í grein 0.2.7 „Hæfi umsækjanda“ komast áfram og gefst kostur á að taka þátt í næsta stigi samningskaupaferilsins, þ.e. viðræður við valda þátttakendur.

**0.2.9 Val á samningsaðilum**

Vegin heildareinkunn mun ráða því hvaða umsækjendum verður boðin aðild að rammasamningi.

Við mat á lokatillögu og verðtilboði umsækjanda verður matsatriðum gefið eftirfarandi vægi:

- ▶ Verð 90%
- ▶ Gæði rekstrarvagna 8%
- ▶ Gæði þjónustu 2%

Umsækjandi skal senda inn með umsókn sinni allar upplýsingar í samræmi við liði A - C hér á eftir. Kaupandi áskilur sér rétt til að leita staðfestinga á upplýsingunum.

Við mat á lokatillögu og verðtilboði umsækjanda verður farið eftir þeim gögnum sem umsækjandi sendir inn. Í lýsingu hvers liðar er nánari sundurliðun á stigagjöfni og útfærsla á einkunnagjöf. Hvert stig jafngildir 1% í mati.

**A. Verð**

Við samanburð á verðum umsækjanda verður reiknað út meðalverð hjá hverjum og einum umsækjanda með eftirfarandi jöfnu:

$$MV = (TA \times 227 + TB \times 221 + TC \times 62) / 510$$

MV = Meðalverð

TA = Tilboðsliður A

TB = Tilboðsliður B

TC = Tilboðsliður C

Lægsta meðalverð gefur 90 stig

Stig annarra umsækjanda eru reiknuð samkvæmt fallinu:  $S = 90 \times (MV_L / MV)$

þar sem S er fjöldi stiga,  $MV_L$  er lægsta útreiknaða meðalverðið, sem boðið er í samningskaupum og MV er útreiknað meðalverð frá viðkomandi umsækjanda.

Ef upplýsingar vantar er gefið 0 stig.

**B. Gæði rekstrarvagna**

Við samanburð á gæðum rekstrarvagna verður lögð áhersla á að viðhaldspörf sé í lágmarki og rekstrarvagn sé almennt af háum gæðum þar sem nýir rekstrarvagnar fá flest stig. Auk þess verður sérhæfður búnaður í rekstrarvögnum fyrir farþega í hjólastól tekin til mats með áherslu á öryggi, sveigjanleika innréttinga og afgreiðslutíma farþega í hjólastól.

Við mat á eldri rekstrarvögnum, þá verður gefið stig fyrir niðurstöðu skýrslu umsækjanda um viðhald- og rekstur viðkomandi rekstrarvagns sem sýnir fram á að rekstrarvagn sé í góðu standi þrátt fyrir aldur hans.

Rekstrarvagnar skulu að lágmarki uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru sem „skal“ kröfur í þessum gögnum.

Hámarksfjöldi stiga fyrir gæði rekstrarvagna eru 8 stig.

Ef upplýsingar vantar er gefið 0 stig.



### **C. Gæði þjónustu**

Við samanburð á gæðum þjónustu verður gefið stig fyrir tíma- og verkáætlun umsækjanda um hvernig hann stefnir að því að uppfylla kröfur sem skilgreindar eru í samningskaupagögnum þessum varðandi útvegum rekstrarvagna, ráðningu starfsfólks o.fl.

Gæði þjónustu skal að lágmarki uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru sem „skal“ kröfur í þessum gögnum.

Hámarksfjöldi stiga fyrir gæði þjónustu eru 2 stig.

Ef upplýsingar vantar er gefið 0 stig.

#### **0.2.10**

#### ***Tilkynning um ákvörðun***

Þegar ákvörðun liggur fyrir verður öllum umsækjendum tilkynnt um endanlega niðurstöðu.

### 0.3 Samningar

#### 0.3.1 *Rammasamningur – Tilfallandi akstursþjónusta*

Þegar Strætó bs. hefur með formlegum hætti tekið verðtilboði akstursaðila telst kominn á rammasamningur um þjónustuverkið. Þá skal akstursaðili hefja vinnu samkvæmt rammasamningi og nánara samkomulagi við Strætó bs.

Til gagna rammasamnings heyra eftirfarandi gögn:

- ▶ Samningskaupagögn, samanber grein 0.1.3
- ▶ Endanlegar lausnir og verðtilboð akstursaðila ásamt fylgigögnum
- ▶ Lög, reglugerðir, staðlar og leiðbeiningar, sem vísað er til í samningskaupagögnum og/eða gilda um framkvæmd þessa og einstaka þætti hennar, samanber grein 0.3.4.

Gera skal skriflegan rammasamning um þjónustuverkið svo fljótt sem verða má eftir töku tilboðs. Íslensk lög gilda um allt er viðkemur rammasamningi aðila. Sjá sýnishorn af rammasamningi í grein 2.1 „Rammasamningur, sýnishorn“ sem fylgir með samningskaupagögnum þessum.

Sá geisladiskur, sem akstursaðili fékk afhentan á umsóknarstigi er hluti rammasamnings milli akstursaðila og Strætó bs., en á honum eru samningskaupagögn og umsóknareyðublöð. Akstursaðili skal á sinn kostnað prenta út þau gögn sem hann telur þurfa við framkvæmd þjónustunnar.

#### 0.3.2 *Samningstími*

Samningstími hefst þegar Strætó bs. hefur með formlegum hætti tekið tilboði akstursaðila í þjónustuverkið.

Akstur rekstrarvagna á vegum akstursaðila skal hefjast að morgni 1. janúar 2015 og lýkur að kvöldi 31. desember 2019.

Engar greiðslur reiknast fyrir en akstur hefst, sjá gr. 0.3.8.

Strætó bs áskilur sér rétt til að óska eftir framlengingu samningstímans tvisvar sinnum, um eitt ár í senn. Samþykki beggja aðila þarf fyrir framlengingu samningstíma. Akstursaðila mun verða tilkynnt fyrir 15. júlí 2019 / 15. júlí 2020, ef til kemur, hvort Strætó bs óski eftir framlengingu á samningi.

#### 0.3.3 *Frestir – Tafabætur*

Engir frestir eða tafabætur.

#### 0.3.4 *Lög, reglugerðir og leiðbeiningar*

Akstursaðili er ábyrgur fyrir að þjónustuverkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við þessa framkvæmd.

Um framkvæmd samningskaupa þessara gildir veitutilskipun Evrópusambandsins nr. 2004/17/EB, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007 og 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 755/2007 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti. Ennfremur er vakin athygli á lögum um fólksflutninga og farmflutninga á landi nr. 73/2001, lögum um leigubifreiðar nr. 134/2001, reglugerð um fólksflutninga á landi nr. 528/2002 og reglugerð um leigubifreiðar nr. 397/2003. Um samningsverkefnið kunna einnig að gilda önnur lög, reglugerðir og staðlar, sem um verk af þessum toga gilda, og önnur þau gögn sem vísað er til í ofantöldum gögnum. Þá skal tekið fram, að akstursaðila er skylt að fara í einu og öllu að gildandi íslenskum lögum og



reglum á samningstíma, m.a. þeim er varða starfsmenn og starfsmannahald, sem og kjarasamninga.

Umsækjendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

### **0.3.5 Eftirlit Strætó bs. og samskipti á samningstíma**

Strætó bs. mun sinna eftirliti með þjónustunni. Akstursaðili skal í einu og öllu framkvæma þjónustuverkið samkvæmt samningi og í samráði við eftirlitsaðila. Eftirlit Strætó bs. kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum eða reglugerðum.

### **0.3.6 Framlag Strætó bs.**

Strætó bs. leggur til tölvur, GPS tæki og annan þess háttar búnað sem Strætó bs. ákveður að séu í rekstrarvögnunum hverju sinni. Strætó bs. kostar uppsetningu í upphafi þjónustunnar og niðurtekt eftir lok samnings, og annast Strætó bs. uppsetningu þessa búnaðar og tekur hann niður, telji hann þess þörf að öðru leyti. Verði þörf á að flytja þennan búnað milli rekstrarvagna akstursaðila á samningstímanum skal akstursaðili kosta þann flutning. Strætó bs. mun annast og kosta reglubundið viðhald þessa búnaðar á samningstímanum. Viðhald og lagfæringar á búnaði, sem rekja má til sakar eða gáleysis akstursaðila eða starfsmanna hans skal kostuð af akstursaðila.

### **0.3.7 Breytingar á þjónustuverki**

Akstursaðili má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum Strætó bs., eða samkvæmt fyrirfram fengnu skriflegu samþykki hans. Allar yfirlýsingar sem tengjast óskum eða kröfum um breytingar og/eða aukaverk skulu vera skriflegar.

### **0.3.8 Greiðslur og reikningsskil**

Greitt verður fyrir akstur rekstrarvagna í fjórum greiðsluliðum sbr. umsóknareyðublað:

- ▶ Greiðsluliður A : Þóknun fyrir hverja ekna akstursstund samkvæmt pöntun á tímabilinu frá kl.: 7:30 til 17:30 alla virka daga ársins. Lögbundnir frídagar eru ekki meðtaldir.
- ▶ Greiðsluliður B : Þóknun fyrir hverja ekna akstursstund samkvæmt pöntun á tímabilinu frá kl.: 6:30 til 7:30 og frá kl.: 17:30 til 24:00 alla virka daga ársins og alla laugardaga ársins frá kl.: 7:30 til 24:00. Lögbundnir frídagar eru ekki meðtaldir.
- ▶ Greiðsluliður C : Þóknun fyrir hverja ekna akstursstund samkvæmt pöntun á tímabilinu frá kl.: 7:30 til 24:00 alla sunnudaga ársins ásamt öllum lögbundnum frídögum.

Greitt verður til akstursaðila samkvæmt yfirlit um akstur hvers mánaðar sem Strætó bs. mun vinna úr gagnagrunni sínum. Reikning samkvæmt uppgjöri samþykktu af Strætó bs. skal akstursaðili gera og leggja fram eigi síðar en 20. dag mánaðarins eftir að akstur fór fram og verður hann þá greiddur 5 dögum eftir að reikningur er lagður fram. Mánaðarlegar greiðslur verða verðbættar samkvæmt grein. 0.3.9.

Reikningar skulu skráðir á Byggðasamlagið Strætó bs., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík, kt.: 500501-3160, vegna Akstursþjónustu fatlaðs fólks og og fatlaðra skólabarna.

Reikningar skulu auðkenndir heiti þess samnings, sem akstursaðili hefur með höndum.





### 0.3.9 Verðlagsgrundvöllur

Greiðslur samkvæmt rammamningi verðbætast í hlutfalli við breytingar á kostnaði á meginþáttum í þjónustuverkefninu. Reiknuð verður sérstök vísitala fyrir þjónustuverkefnið og er grundvöllur fyrir breytingum á henni, breyting á vísitölum, heildarvísitölum eða undirvísitölum, í ákveðnum hlutföllum samkvæmt eftirfarandi töflu :

Laun	Launavísitala	48 %
Olía	Neysliverðsvísitala, undirvísitala 07224	22 %
Annar rekstur	Vísitala neysliverðs	30 %

Vísitala til útreiknings á breytingum á greiðslum samkvæmt þjónustu- og rammamningi verður reiknuð út 4 sinnum á ári, þ.e. í janúar, apríl, júlí og október. Gildistími hverrar vísitölu verður þá 3 mánuðir, þ.e. janúar, febrúar og mars, síðan apríl, maí og júní, o.s.frv. Útreikningur vísitölnunnar fer fram á síðasta degi fyrsta mánaðar viðkomandi tímabils og byggir á nýjustu fyrirliggjandi vísitölum frá Hagstofu Íslands. Vísitala sem reiknuð er út þann 31. janúar gildir fyrir tímabilið janúar, febrúar og mars, vísitala sem reiknuð er út 30. apríl gildir fyrir apríl, maí og júní o.s.frv. Samningsbundnar greiðslur skulu breytast, til hækkunar eða lækkunar, í hlutfalli við breytingar á ofangreindum vísitölum sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir samkvæmt lögum.

Grunnvísitala rammamnings eru gildandi vísitölur skv. ofanskráðu á opunardegi verðtilboða.

Þegar breyting á samningsbundnum greiðslum er reiknuð út skal miða við vísitölu sem er í gildi í þeim mánuði sem innheimt er fyrir. Þannig skal t.d. upphæð fyrir akstur í janúar sem framvísa skal í febrúar miðast við vísitölu sem er í gildi fyrir tímabilið janúar, febrúar og mars og reiknuð er út í lok janúar. Á sama hátt skal upphæð fyrir akstur í mars og framvísað er í apríl miðast við vísitölu sem gildir fyrir janúar, febrúar og mars.

Ef innbýrðis hlutföll kostnaðarþátta í ofangreindri vísitölu breytast verulega og með viðvarandi hætti, getur hvor aðili um sig óskað endurskoðunar á hlutföllum vísitalna. Þessa breytingu er eingöngu heimilt að framkvæma tvisvar sinnum á samningstímanum.

### 0.3.10 Fyrirframgreiðsla

Strætó bs. innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu þjónustuverki.

### 0.3.11 Undirverktakar

Akstursaðila er óheimilt að fela undirverktökum að annast akstur sem Strætó bs. semur við hann um. Akstursaðila er á hinn bóginn heimilt að fela undirverktökum að annast ýmsa stoðþjónustu vegna þessa, s.s. viðhald rekstrarvagna og þríf.

Akstursaðila er óheimilt, án skriflegs samþykkis Strætó bs., sem gefið er fyrirfram, að láta annan aðila ganga inni tilboð sitt eða taka við skyldum sínum í þessu þjónustuverkefni í sinn stað að nokkru eða öllu leyti, að öðru leyti en varðar stoðþjónustu, eins og getið er hér að framan.

Akstursaðila og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.

## 0.4 Ábyrgðir – Tryggingar – Ágreiningsmál

### 0.4.1 *Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld*

Akstursaðili skal ætíð hafa allar lögbundnar tryggingar, sem skylt er að hafa í atvinnugreininni, í gildi. Akstursaðili skal sjá til þess að starfsmenn hans njóti slysa- og sjúkratrygginga hér innanlands og skal hann einnig greiða þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja þjónustu.

Akstursaðili ber einn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd samningsverkefnis akstursaðila, sama gildir um skaðabótaábyrgð vegna starfsmanna hans.

Akstursaðili skal afhenda Strætó bs., ef hann óskar, afrit af tryggingarskránum fyrir þeim tryggingum, sem hann tekur vegna þjónustuverksins á hverjum tíma.

Strætó bs. leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna þjónustuverksins.

### 0.4.2 *Samningstrygging*

Ekki er farið fram á samningstryggingu vegna rammisamnings um tilfallandi akstursþjónustu.

### 0.4.3 *Veðsetningar – Eignaréttarfyrirvarar*

Akstursaðila er óheimilt að binda Strætó bs. á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum.

### 0.4.4 *Misræmi í gögnum*

Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal akstursaðili tafarlaust tilkynna eftirlitsaðila Strætó bs. það til úrskurðar. Komi fram villur í samningskaupagögnum er akstursaðili eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Ef um er að ræða verulega villu, sem leiðir til kostnaðarbreytinga á akstursaðili rétt á sérstakri greiðslu vegna aukins kostnaðar sem af verulegri villu leiðir. Leiði veruleg villa til lægri kostnaðar getur Strætó bs. krafist lækkunar á samningsfjárhæð.

### 0.4.5 *Ágreiningsmál*

Ef ágreiningur rís á milli Strætó bs. og akstursaðila um þjónustusamning eða framkvæmd hans kveður þá Strætó bs. upp skriflegan úrskurð innan mánaðar frá því að ágreiningur kom fram. Aðilar skulu þegar í stað hlíta úrskurði Strætó bs. og skal unnið áfram að þjónustuverkinu þó svo annar hvor aðilinn kjósi að áfrýja úrskurðinum.

Ef Strætó bs. og akstursaðila tekst ekki að ná samkomulagi um ágreininginn skulu haldnir a.m.k. tveir sáttafundir þar sem fulltrúi Strætó bs. og lykilstjórnandi akstursaðila gera tilraun til að ná samkomulagi. Takist aðilum ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu á þessum fundum skal vísa ágreiningnum til Héraðsdóms Reykjavíkur.



---

**0.5 Samskipti og vinnustaður**

**0.5.1 Samskipti**

Akstursaðili skal tilgreina ákveðinn einstakling, sem sem hjá honum starfar, sem hefur heimild til þess að taka fyrir hönd akstursaðila skuldbindandi ákvarðanir vegna þessa þjónustuverkefnis. Samskipti um atriði sem varða rekstur þessa þjónustuverkefnis skulu fara fram á íslensku.

**0.5.2 Athafnasvæði og vinnuástaða**

Aðstöðu sem nauðsynleg er til að vinna þetta þjónustuverkefni skal akstursaðili leggja sér til og skal hún vera innifalin í tilboði akstursaðila.

**0.5.3 Húsnæði fyrir starfsmenn**

Strætó bs. leggur ekki til neina aðstöðu fyrir starfsmenn í þessum samningskaupum.



## **0.6 Frágangur og gæði þjónustu**

### **0.6.1 Verkstjórn akstursaðila og fundir**

Akstursaðili skal gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglubundna samráðsfundi með fulltrúum Strætó bs. meðan á þjónustuverkinu stendur. Fundargerðir samráðsfunda skulu ritaðar og samþykktar af báðum aðilum.

### **0.6.2 Gæði þjónustu**

Það er keppikefli Strætó bs. að veita þjónustu með háum gæðum, sem fram kemur m.a. í áreiðanleika tímasetninga, öryggi, þjónustulund bifreiðastjóra og snyrtilegum og vel búnum rekstrarvögnum. Akstursaðila og starfsmönnum er skylt að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að þessi markmið verði uppfyllt. Strætó bs. mun m.a. halda námskeið fyrir bifreiðastjóra sbr. gr. 0.6.3 þar sem farið verður yfir öryggismál, áhersluatriði í framkomu, þjónustulipurð bifreiðastjóra við farþega og mikilvægi áreiðanleika í þjónustu Strætó bs. við samfélagið.

### **0.6.3 Námskeið**

Strætó bs. mun halda námskeið fyrir bifreiðastjóra og aðra starfsmenn sem veita þjónustu á vegum Strætó bs. Akstursaðila er skylt að láta bifreiðastjóra á sínum vegum sækja þessi námskeið. Að jafnaði er reiknað með að bifreiðastjórar þurfi að verja 2½ degi á ári hverju í slík námskeið. Strætó bs. mun veita bifreiðastjórum akstursaðila aðgang að þessum námskeiðum endurgjaldslaust en akstursaðili greiðir bifreiðastjórum sínum laun og allan annan kostnað vegna þátttöku bifreiðastjóra í námskeiðunum.

Strætó bs. mun jafnframt með aðstoð hagsmunasamtaka fatlaðs fólks halda námskeið a.m.k. árlega fyrir starfsfólk akstursaðila, þannig að það sé vel undirbúið til að sinna starfi sínu af hæfni og skilningi. Akstursaðila er skylt að láta bifreiðastjóra á sínum vegum sækja þessi námskeið. Að jafnaði er reiknað með að bifreiðastjórar þurfi að verja 2½ degi á ári hverju í slík námskeið. Strætó bs. mun veita bifreiðastjórum akstursaðila aðgang að þessum námskeiðum endurgjaldslaust en akstursaðili greiðir bifreiðastjórum sínum laun og allan annan kostnað vegna þátttöku bifreiðastjóra í námskeiðunum.

### **0.6.4 Samskipti við yfirvöld**

Akstursaðili skal afhenda Strætó bs. afrit af öllum samskiptum hans við yfirvöld sem tengjast þjónustuverkinu. Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum eða reglugerðum án undangengins samþykkis Strætó bs.



## 1 Þjónustulýsing

### 1.1 Almenn atriði

#### 1.1.1 *Almennt um þjónustuverkið*

Þjónustuverkefnið sem hér er um ræðir felst í því að annast akstur á árunum 2015 – 2019 fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna sem Strætó bs. hefur tekið að sér að hafa umsjón með.

Til þjónustuverkefnisins heyrir útvægum rekstrarvagna og fjármögnun þeirra ásamt viðhaldi og rekstri. Rekstrarvagnar skulu að lágmarki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í þessum gögnum.

Fjöldi og gerð rekstrarvagna sem áætlað er að gerðir verði rammisamningar um er:

- ▶ Rekstrarvagn af gerð II : 10 stk.
- ▶ Rekstrarvagn af gerð III : 5 stk.
- ▶ Rekstrarvagn af gerð IV : 20 stk.

Sjá nánar kröfur til rekstrarvagna í fylgiskjal 1 – Kröfur Strætó bs. til rekstrarvagna.

Allir rekstrarvagnar skulu vera í góðu ásigkomulagi og hreinir. Þeir skulu þrífir að innan og utan daglega og a.m.k. tvisvar sinnum á ári skal fara fram allsherjar þríf á þeim.

#### 1.1.2 *Skipulag aksturs – pöntun þjónustu*

Strætó bs. mun nota þar til gert aksturskerfi (hugbúnað) til að skipuleggja akstur og raða farþegum í rekstrarvagna.

Tölvubúnaðurinn finnur þann rekstrarvagn sem uppfyllir best ferðatilhögun farþega og þær kröfur sem eiga við um hann og ferðatíma. Bifreiðastjóri sér pantanir á skjá í rekstrarvagni, en þjónustuver Strætó bs. gegnir skipulags og eftirlitshlutverki. Bifreiðastjóri kvittar fyrir þegar viðkomandi farþegi hefur verið sóttur og honum skilað. Þannig er stuðlað að því að kerfið komi í veg fyrir mannleg mistök og hámarki nýtingu rekstrarvagna. Tölvubúnaður mun, fyrir hvern rekstrarvagn, á hverju kvöldi, senda skilaboð um tíma og stað fyrir fyrstu ferð viðkomandi rekstrarvagns næsta dag. Ef kveikt er á búnaði bifreiðastjórans í rekstrarvagni, þá telst viðkomandi rekstrarvagn tiltækur til akstursþjónustu og skal þá bifreiðastjóri aka pantaðar ferðir. Akstursaðilar skulu ávalt hafa kveikt á búnaði bifreiðastjóra í rekstrarvagni á umsömdum tíma.

Um sameiginlega akstursþjónustu er að ræða þannig að fjöldi farþega í hverjum rekstrarvagni er breytilegur. Lögð er áhersla á að ferðatími hvers farþega fari ekki yfir 60 mínútur en leitast verður við að hann fari ekki yfir 40 mínútur.

Farþegar þurfa að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brotfararstaðar eða við hann á umsömdum tíma. Biðtími farþega skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma.

Bifreiðastjórar skulu aðstoða farþega frá og að anddyri sé þess þörf.

Ekki er beðið meðan farþegi sinnir erindi sínu og bifreiðastjórum er óheimilt að sinna sendiferðum fyrir farþega.

Farþega er heimilt að hafa með sér annan farþega, enda greiðir hann sama gjald fyrir viðbótarfarþegann. Börn undir grunnskólaaldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert. Ef ákveðinn farþegi getur ekki ferðast einsamall, að mati félagsþjónustu sveitarfélags, þá er skráður aðstoðarmaður í aksturskerfið sem bifreiðastjóri þarf að





sækja áður en viðkomandi farþegi er sóttur. Bifreiðastjóri fær upplýsinga um viðbótarfarþega eða aðstoðarmann í viðkomandi pöntun á akstri.

Þjónustuvæði akstursþjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík, Kjalarnes og Mosfellsbær.

### 1.1.3 **Þjónustuver Strætó bs. - samskipti - kvartanir**

Strætó bs. leggur mikla áherslu á að þjóna farþegum eins vel og kostur er. Í því sambandi starfrækir Strætó bs. þjónustuver til að svara fyrirspurnum farþega og greiða leið þeirra sem samband hafa við Strætó bs. Reynslan sýnir að farþegar leita mikið til Strætó bs. þegar seinkun verður á ferðum rekstrarvagna eða þær felldar niður og óska skýringa á orsökum og hverra úrbóta er að vænta. Þjónustuverið skráir niður öll frávik sem verða á ferðum Strætó bs. samkvæmt upplýsingum frá farþegum.

Nauðsynlegt er að allar upplýsingar frá akstursaðila um seinkanir sem verða kunna á ferðum og/eða niðurfellingar ferða berist til þjónustuvers Strætó bs. tafarlaust ásamt upplýsingum um ástæður og hvaða ráðstafana hafi verið gripið til.

Akstursaðili skal tilkynna þjónustuveri Strætó bs. tafarlaust um allar niðurfellingar ferða af hvaða orsökum sem þær kunna að stafa. Gildir það bæði um ferðir sem falla niður í heild sinni eða að hluta til. Það sama á við um ferðir þar sem seinkun hefur orðið meira en 15 mín. Tilkynningar skulu berast þjónustuveri Strætó bs. innan 10 mín eftir að ferð átti að hefjast.

Ef kvartanir berast akstursaðila er honum skylt að kanna þær til hlítar og grundvöll þeirra og svara þeim í samráði við þjónustuver Strætó bs. Áhersla er lögð á skjót viðbrögð við öllum kvörtunum og að vinnslu akstursaðila sé lokið innan þriggja sólarhringa. Undantekningarlaust skal akstursaðili upplýsa Strætó bs. um allar kvartanir sem honum berast og tilgreina viðbrögð við þeim.

Akstursaðili skal tryggja að allar tilkynningar til Strætó bs. samkvæmt ofanskráðu fari eftir leiðbeiningum sem Strætó bs. ákveður.

### 1.1.4 **Eftirlit - úttektir**

Strætó bs. mun hafa eftirlit með því að akstursaðili uppfylli kröfur samningskaupagagna um gæði ökutækja og kröfur Strætó bs. um þjónustu.

Verði Strætó bs. var við atriði sem ekki eru í samræmi við gerðar kröfur skal akstursaðili þegar í stað gera tillögur til úrbóta á þjónustu eða ökutækjum til samþykktar hjá Strætó bs. og bæta úr þeim án ástæðulausrar tafar að fengnu samþykki.

Eftirlit af hálfu Strætó bs. munu taka út alla rekstrarvagna sem ætlaðir eru til þjónustuverksins áður en akstur hefst og reglulega á samningstímanum. Á þetta bæði við um rekstrarvagna sem akstursaðili hyggst nota í upphafi þjónustuverks og einnig þá, sem akstursaðili hefur í hyggju að taka í notkun síðar á samningstímanum. Úttekt þessi kemur ekki í stað lögbundinna skoðana á ökutækjum né annarra úttekta á vegum opinberra eftirlitsaðila. Akstursaðili ber einn ábyrgð á að ökutæki sem hann hyggst nota til þjónustuverksins sé samþykkt af opinberum aðilum og uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til ökutækja til fólksflutninga.

### 1.1.5 **Kröfur um rekstrarvagna og gæði búnaðar**

Allir rekstrarvagnar sem akstursaðila hyggst nota í þetta þjónustuverkefni skulu uppfylla kröfur um gæði og búnað sem fram koma í **Fylgiskjali 1** og ennfremur öll lög og reglugerðir sem gilda um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni á Íslandi ásamt leigubifreiðaakstri.

Sú krafa er gerð að hámarksaldur rekstrarvagna sem notaðir verða í akstur á vegum akstursaðila í þessum samningskaupum sé 8 ár fyrir rekstrarvagna af gerðinni II og 10 ár fyrir rekstrarvagna af gerðinni III og IV. Aldur rekstrarvagna miðast við framleiðsluár rekstrarvagna.

Áður en þjónustuverk hefst mun eftirlitsmaður Strætó bs. taka rekstrarvagnana út og ganga úr skugga um að þeir uppfylli gerðar kröfur, sbr. grein 1.1.4. Akstursaðila er ekki heimilt að hefja akstur með rekstrarvögnum sem ekki hafa verið teknir út og samþykktir af Strætó bs.

#### 1.1.6 **Gæðastýring**

Strætó bs. er heimilt að hafa eftirlit með því að akstursaðili uppfylli skilmála og kröfur samningskaupagagna með sérstökum úttektum á rekstrarvögnum og á akstri á vegum akstursaðila, án fyrirvara, hvenær sem er á samningstímanum.

#### 1.1.7 **Auglýsingar**

Mælst er til þess að ekki verði settar auglýsingar í eða á rekstrarvagna í tilfallandi akstursþjónustu.

### 1.2 **Akstur**

#### 1.2.1 **Almennt**


Akstursaðili skal haga akstri samkvæmt þessum samningskaupagögnum. Við akstur skal hafa þægindi farþega að leiðarljósi og skal akstursaðili sjá svo um að bifreiðastjórar hafi tilskilin réttindi til aksturs með farþega í þjónustuverkefni þessu.

Akstursaðili (bifreiðastjóri) skal koma munum sem gleymst hafa í rekstrarvögnunum í vörslu Strætó bs. fyrir tapaða og gleymda muni á stað sem Strætó bs. mun benda á.


#### 1.2.2 **Kröfur til bifreiðastjóra**

Allir bifreiðastjórar akstursaðila sem aka samkvæmt rammasamningi skulu ætíð hafa í gildi tilskilin réttindi til aksturs hóþferðabifreiðar með farþega gegn gjaldi og/eða leigubifreiða. Þeir skulu veita farþegum og öðrum viðskiptavinum Strætó bs. að lágmarki þá þjónustu sem skilgreind er í **Fylgiskjali 2**. Bent er á að fylgiskjal 2 getur breyst á samningstíma.

Allir starfsmenn akstursaðila sem veitir farþegum þjónustu sem og aka samkvæmt þjónustusamningi skulu hafa óflekkað mannorð og hafa ekki sýnt af sér háttsemi sem rýrt getur traust hans að almenningsáliti. Gerð er krafa um að fyrrgreindir starfsmenn akstursaðila hafi aldrei hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi starfsmaður, sem óskar eftir starfi við þetta verkefni, verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Allt starfsfólk akstursaðila sem veitir farþegum þjónustu og aka samkvæmt þjónustusamningi skulu undirrita samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá hvenær sem er á samningstíma. Eftirfarandi vinnuferlum verður m.a. fylgt fyrir alla fyrrgreinda starfsmenn sem akstursaðili hoggst fela að aka samkvæmt þjónustusamningi, sjá mynd 1 og 2.



Mynd 1 Nýráðning



Mynd 2 Ásökun um kynferðisafbrot kemur fram

Starfsfólk akstursaðila sem kemur til með að sinna þessu verkefni skal skrifa undir yfirlýsingu um trúnaðar- og þagnarskyldu. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi. Komi upp grunur um brot rannsakar Strætó bs. málið. Niðurstaða rannsóknarinnar liggur til grundvallar framhaldi málsins. Sé um vægt brot – og fyrsta brot – starfsmanns að ræða skal hann áminntur. Leiði rannsóknin í ljós endurtekið eða alvarlegt brot skal starfsmanni vikið úr starfi sínu, tímabundið eða varanlega, eftir atvikum.

Gerð er krafa um að bifreiðastjórar akstursaðila geti leiðbeint farþegum á íslensku.

Bifreiðastjórar skulu vera starfsmenn akstursaðila og ráðnir til hans samkvæmt íslenskum lögum, reglum og kjarasamningum. Akstursaðila er ekki heimilt að hafa í sinni þjónustu bifreiðastjóra, sem fengnir eru til starfa fyrir milligöngu starfsmannaleigu. Hafi bifreiðastjóri akstursaðila ítrekað orðið uppvís að því að fylgja ekki reglum og leiðbeiningum settum af Strætó bs. eða ítrekað hafa borist kvartanir sem rekja má til hans, getur Strætó bs. krafist þess að akstursaðili taki hann úr þjónustuverkefnum á vegum Strætó bs.



---

**1.2.3 Þjónusta við farþega**

Bifreiðastjóri skal veita fötluðum farþegum góða þjónustu t.d. við það að komast inn í og út úr rekstrarvögnum og í sæti.

Bifreiðastjóri skal sækja farþega að anddyri og fylgja honum að rekstrarvagni og frá rekstrarvagni að anddyri ef þess er óskað.



## 2.1 Rammasamningur, sýnishorn

Undirritaðir aðilar, annars vegar Bygðasamlag Strætó bs., kt.: 500501-3160, sem Strætó bs. og hins vegar „nafn akstursaðila“ kt.: „kennitala akstursaðila“, sem akstursaðili, gerum með okkur svohljóðandi

### Rammasamning um tilfallandi akstursþjónustu

#### 1. grein

Þjónustuverkefni þetta felst í því að annast akstursþjónustu á árunum 2015 – 2019 fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna sem Strætó bs. hefur tekið að sér að hafa umsjón með. Framkvæma skal akstursþjónustuna samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða sem eiga við um þjónustu þessa og samningskaupagagna þessa þjónustuverkefnis.

Þjónustuverkefnið er nánar skilgreint í samningskaupagögnum útgefnum af VSÓ Ráðgjöf fyrir þjónustuverkið: „Samningskaup, Akstursþjónusta fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna, Hluti B: Tilfallandi akstursþjónusta“, Samningskaupagögn nr. 13261.

Þjónustu þessa skal vinna samkvæmt eftirtöldum gögnum:

1. Samningskaupagögn nr. 13261, dags. í júní 2014
2. Fyrirspurnir og svör á umsóknartíma
3. Endanlegar lausnir og verðtilboð „nafn akstursaðila“ ásamt fylgigögnum, dags. „dagsetning“
4. Tilkynningu Strætó bs. til „nafn akstursaðila“, dags. „dagsetning“ varðandi val á tilboði.

Framangreind gögn eru hluti samnings þessa.

Auk þess skal akstursaðili vinna eftir gögnum útgefnum á samningstíma í samræmi við samningskaupagögn og verða þau þá hluti af samningi þessum.

#### 2. grein

Samningsfjárhæðir eru, samkvæmt verðtilboði akstursaðila:

- ▶ Greiðsluliður A: \_\_\_\_\_ kr./klst.
- ▶ Greiðsluliður B: \_\_\_\_\_ kr./klst.
- ▶ Greiðsluliður C: \_\_\_\_\_ kr./klst.

#### 3. grein

Þjónustutími hefst strax og tilboði hefur formlega verið tekið og gildir samningurinn til 31. Desember 2019.

#### 4. grein

Akstursaðili skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði samningskaupagagna og samnings þessa. Efni hann þær ekki, er Strætó bs. heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum löglegum vanefndaúrræðum.



Á samningstíma getur hvorugur aðila sagt samningi einhliða upp. Hins vegar er samningsaðila heimilt er rifta samningi einhliða komi til verulegra eða ítrekaðra vanefnda af hálfu gagnaðila. Áður en til riftunar getur komið skal sá samningsaðili sem telur að gagnaðili hafi vanefnt samningsskyldur sínar senda gagnaðila áskorun um úrbætur þeirra vanefnda sem um er að ræða. Gefinn skal sanngjarn frestur til úrbóta, en sá frestur skal aldrei vera lengri en 7 dagar. Hafi úrbætur, í samræmi við áskorun, ekki verið framkvæmdar innan tilskilins frests getur samningsaðili lýst yfir riftun samnings án frekari fyrirvara eða aðvörunar.

Allar tilkynningar sem að þessum atriðum lúta skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

### 5. grein

Rísi ágreiningur vegna samnings aðila skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Fylgiskjöl með samningi þessum sem eru hluti hans, eru talin upp í 1. grein samnings þessa.

Staður

Dags.

\_\_\_\_\_ *dagur / mánuður / ár*

Kaupandi þjónustu

Akstursaðili

\_\_\_\_\_ F.h. Strætó bs.

\_\_\_\_\_ F.h. **[nafn akstursaðila]**

Vitundarvottar

\_\_\_\_\_ Nafn

\_\_\_\_\_ Kennitala

\_\_\_\_\_ Nafn

\_\_\_\_\_ Kennitala



## UMSÓKNAREYÐUBLAÐ Hluti B

### Almennar upplýsingar um umsækjanda:

Nafn fyrirtækis : \_\_\_\_\_  
Heimilisfang : \_\_\_\_\_  
Sími : \_\_\_\_\_  
Tölvupóstur : \_\_\_\_\_  
Tengiliður : \_\_\_\_\_  
Ábyrgðarmaður : \_\_\_\_\_

### Fylgigögn með umsókn samnær grein 0.2.2 samningskaupagögnum:

- Ársreikningur 2013 áritaður án athugasemda um rekstrarhæfi félagsins
- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld
- Staðfestingu frá þeim lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna
- Staðfestingu viðkomandi yfirvalda um að umsækjandi sé ekki í nauðasamningum eða gjaldprotaskiptum
- Afrit af starfs- eða rekstrarleyfi og öllum öll tilskildum leyfum og vottorðum til reksturs fólksflutninga í atvinnuskyni
- Lista yfir verkefni sem umsækjandi, eigendur eða starfsmenn hafa unnið á síðastliðnum 10 árum
- Skrá yfir rekstrarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið
- Tíma- og verkáætlun umsækjanda fyrir tímabilið frá undirskrift samnings til upphafs aksturs

### Verðtilboð umsækjanda:

Tilboðsliður A \_\_\_\_\_ kr./klst.  
Tilboðsliður B \_\_\_\_\_ kr./klst.  
Tilboðsliður C \_\_\_\_\_ kr./klst.

### Undirskrift :

Undirritaður staðfestir með undirritun sinni að umsóknin þessi er byggð á upplýsingum sem fram koma í samningskaupagögnum nr. 13261, dags. júní 2014 og fylgigögnum þeirra.

Dagsetning : \_\_\_\_\_

Undirskrift : \_\_\_\_\_





### **Eyðublað III: Yfirlit yfir helstu sambærileg verk sem umsækjandi hefur unnið**

Hér skal umsækjandi skrá helstu sambærileg verk sem hann hefur unnið á síðustu 10 árum. Athugið að verkefni skulu hafa staðið yfir þriggja ára tímabil að lágmarki.

Til að koma til álita sem akstursaðili er gerð sú krafa að umsækjandi hafi a.m.k. þriggja ára samfellda reynslu af sambærilegri akstursþjónustu og hér um ræðir í tengslum við leyfisbundna fólksflutninga og/eða leigubifreiðaaksturs.

#### **Verk 1**

Heiti verks

Verkkaupi

Verktaki

Nöfn og hlutverk starfsmanna sem að verkinu komu og boðnir eru til starfa í þessu verki

Tegund aksturs

Upphaf samnings, dags.

Lok samnings, dags.

Upplýsingar um umfang verk, s.s. fjöldi og gerð rekstrarvagna, heildarakstur í klst. Í þessu verki



## **Verk 2**

Heiti verks

Verkkaupi

Verktaki

Nöfn og hlutverk starfsmanna sem að verkinu komu og boðnir eru til starfa í þessu verki

Tegund aksturs

Upphaf samnings, dags.

Lok samnings, dags.

Upplýsingar um umfang verk, s.s. fjöldi og gerð rekstrarvagna, heildarakstur í klst. Í þessu verki

## **Verk 3**

Heiti verks

Verkkaupi

Verktaki

Nöfn og hlutverk starfsmanna sem að verkinu komu og boðnir eru til starfa í þessu verki

Tegund aksturs

Upphaf samnings, dags.

Lok samnings, dags.

Upplýsingar um umfang verk, s.s. fjöldi og gerð rekstrarvagna, heildarakstur í klst. Í þessu verki



### Eyðublað IV: Skrá yfir rekstrarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið

Hér skal umsækjandi skrá rekstrarvagna sem fyrirhugað er að nota við þjónustuverkið. Með skrá skal jafnframt fylgja skráningarskýrteini og skoðunarvottorð. Gögn skulu sýna að umsækjandi hafi yfir að ráða nægum fjölda rekstrarvagna til þess að annast akstur samkvæmt kröfum innkaupa þessa og umsókn umsækjanda. Ef umsækjandi hyggst fjárfesta í rekstrarvögnum fyrir þetta þjónustuverkefni þá skal það koma fram hér. Sætafjöldi og fjöldi stæða fyrir hjólastóla miðast við grunnskipulag lausnar ef um sveigjanlegar innréttingar er að ræða.

Skráningarnúmer	Tegund undirvagns	Tegund yfirbyggingar og stærð farangursrýmis	Árgerð	Km.staða	Sætafjöldi	Hjólastólstæði	Skrá yfir rekstrarvagna													



## Leita á vefnum

Leit á vef Hafnarfjarðar Leita

Dú ert hér Forsíða / Stjórnsýsla / Stjórnsýslan / Fundargerðir

## Fundargerðir

Til baka

Prenta

Fjölskylduráð - 307

**Haldinn í fundarsal bæjarráðs, Strandgötu 6,  
15.01.2016 og hófst hann kl. 08:15**

**Fundinn sátu:** Kristín María Thoroddsen. Árni Rúnar Þorvaldsson. Guðlaug Kristjánsdóttir. Júlíus Andri Þórðarson. Helga Ingólfssdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ása Hrund Ottósdóttir

Auk þeirra sat Rannveig Einarsdóttir sviðstjóri fundinn.

### Dagskrá:

Kynning

3. 1404222 - Sólvangsvegur 1-3, eignarhald íbúða, íbúðarétti breytt í eignarrétt

Skýrsla formanns á fulltrúaráðsfundi í des 2015.pdf

7. 1512314 - Frumvarp til laga um almennar íbúðir (heildarlög), 435.mál til umsagnar

8. 1512313 - Frumvarp til laga um húsaleigulög (réttarstaða leigjenda og leigusala), 399. mál til umsagnar

9. 1512312 - Frumvarp til laga um húsnæðisbætur (heildarlög), 407. mál til umsagnar

Almenn erindi

1. 1411192 - Barnaverndarmál, framkvæmdaáætlun

Fjölskylduráð samþykkir framkvæmdaáætlunina og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

Ráðið samþykkir jafnframt að settur verði saman hópur þriggja starfsmanna, eins frá fjölskyldusviði og tveggja frá fræðslu- og frístundasviði, til að fylgja eftir og halda utan um verkefni framkvæmdaáætlunarinnar.

**Framkvæmdaáætlun Hafnarfjarðar ? barnaverndarmálum 25 11 lokaeintak.pdf**

**Subject:** Akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna í Hafnarfirði  
**Date:** þriðjudagur, 19. janúar 2016 kl. 01:13:33 Greenwich-staðaltími  
**From:** Sveinn Andri Sveinsson  
**To:** hlh@hafnarfjordur.is  
**Attachments:** 67134F0B-C785-4624-A92F-6CC50D0514A6[9].png

Sæll virðulegi bæjarstjóri

Ég rita þetta erindi til þín fyrir hönd nokkurra rammasamningshafa skv samningskaupagögnum Strætó bs um tilfallandi akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna.

Eins og sést á neðangreindum hlekki, þá samþykkti Fjölskylduráð bæjarins að fela sviðsstjóra að gera samning við leigubílastöð til að sjá um akstur fyrir fatlað fólk sem sannanlega geti nýtt sér leigubíla til ferðapjónustu.

<http://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1512020F>

Í tilefni af þessu vill undirritaður inna þig eftir því virðulegi bæjarstjóri hvort þessi ákvörðun sem þarna kemur fram er endanleg eða hvort enn eigi eftir að staðfesta hana í bæjarráði eða bæjarstjórn.

Virðingarfyllt.

**Sveinn Andri Sveinsson**  
Hæstaréttarlögmaður / Supreme Court Attorney

## **REYKJAVÍK LAWYERS**

Grjótagötu 7, 101 Reykjavík

Sími: 414 7425 GSM: 894-7406

Netpóstur: [sas@reykjaviklawyers.com](mailto:sas@reykjaviklawyers.com)

[www.reykjaviklawyers.com](http://www.reykjaviklawyers.com)

**Subject:** FW: Akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna í Hafnarfirði  
**Date:** föstudagur, 29. janúar 2016 kl. 11:26:58 Greenwich-staðaltími  
**From:** Sigríður Kristinsdóttir  
**To:** Sveinn Andri Sveinsson  
**CC:** Haraldur Líndal Haraldsson, Rannveig Einarsdóttir  
**Attachments:** 67134F0B-C785-4624-A92F-6CC50D0514A6[9].png, image001.jpg

Sæll Sveinn Andri,

Vísað er til neðangreinds tölvupósts þíns frá 19. janúar s.l., sem sendur var til bæjarstjóra, en bæjarstjóri fól mér að svara honum.

Ákvörðun fjölskylduráðs um að gera samning við leigubílastöð til að sjá um akstur fyrir fatlað fólk sem sannanlega geti nýtt sér leigubíla til ferðabjónustu er tilraunaverkefni, eins og fram kemur í bókuninni, sem mun standa yfir í 4 mánuði.

Með kveðju,

SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR hrl  
BÆJARLÖGMAÐUR

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



FYRIRVARI / DISCLAIMER

**From:** Sveinn Andri Sveinsson [<mailto:sas@reykjaviklawyers.com>]  
**Sent:** 19. janúar 2016 01:14  
**To:** Haraldur Líndal Haraldsson  
**Subject:** Akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna í Hafnarfirði

Sæll virðulegi bæjarstjóri

Ég rita þetta erindi til þín fyrir hönd nokkurra rammisamningshafa skv samningskaupagögnum Strætó bs um tilfallandi akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna.

**Subject:** Re: Akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna í Hafnarfirði  
**Date:** föstudagur, 29. janúar 2016 kl. 11:43:53 Greenwich-staðaltími  
**From:** Sveinn Andri Sveinsson  
**To:** Sigríður Kristinsdóttir  
**CC:** Haraldur Líndal Haraldsson, Rannveig Einarsdóttir  
**Attachments:** 67134F0B-C785-4624-A92F-6CC50D0514A6[9].png, image001.jpg, 67134F0B-C785-4624-A92F-6CC50D0514A6[24].png

Sæl Sigríður og takk fyrir greið svör.

Í þessu felst ótvírætt brot á 34.gr. laga um opinber innkaup en Hafnarfjörður er aðili að samningskaupum Strætó bs um akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna.  
Í 1. og 2.mgr. segir:

#### **34. gr. Rammasamningar.**

Rammasamninga skal gera í samræmi við þau innkaupaferli sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Val á samningsaðilum í rammasamningsútboði skal grundvallast á forsendum fyrir vali tilboðs, sbr. 72. gr. Í rammasamningi er heimilt að ákveða að kaupendur séu ekki skuldbundnir til að skipta eingöngu við aðila rammasamnings við þau innkaup sem samningur tekur til, enda séu slík frávik tilgreind í útboðsgögnum.

Við einstök innkaup á grundvelli rammasamnings skal fylgja ákvæðum 3. og 4. mgr. Aðeins er heimilt að gera einstaka samninga á grundvelli rammasamnings við þau fyrirtæki sem upphaflega voru aðilar rammasamnings. Við gerð einstakra samninga á grundvelli rammasamnings er óheimilt að gera verulegar breytingar á skilmálum rammasamnings, einkum þegar um er að ræða rammasamning sem um ræðir í 4. mgr.

Hafnarfirði er ekki heimilt að slíta sig frá þeim samningskaupum um þennan akstur frá árinu 2014 en þá voru gerðir rammasamningar við stóran hóp akstursþjónustuaðila og hófst akstur þeirra í ársbyrjun 2015. Engar heimildir eru til þess í samningskaupagögnum að kaupendur þjónustunnar geti skipt við aðra aðila en rammasamningshafa, eins og þó er opnað fyrir í 34.gr.1.mgr. Skiptir þá engu máli hvort þetta er gert í

Umbjóðendur mínir munu strax eftir helgi senda kæru til kærufndar útboðsmála, þar sem krafist verður staðfestingar á ólögmati þessa, viðurkenningar á skaðabóaskyldu og málskostnaðar.

Virðingarfyllst.

Sveinn Andri Sveinsson  
Hæstaréttarlögmaður / Supreme Court Attorney

#### **REYKJAVÍK LAWYERS**

Grjótagötu 7, 101 Reykjavík  
Sími: 414 7425 GSM: 894-7406  
Netpóstur: [sas@reykjaviklawyers.com](mailto:sas@reykjaviklawyers.com)  
[www.reykjaviklawyers.com](http://www.reykjaviklawyers.com)

**From:** Sigríður Kristinsdóttir <[sigridurk@hafnarfjordur.is](mailto:sigridurk@hafnarfjordur.is)>  
**Date:** föstudagur, 29. janúar 2016 kl. 11:26  
**To:** Sveinn Andri <[sas@reykjaviklawyers.com](mailto:sas@reykjaviklawyers.com)>  
**Cc:** Haraldur Líndal Haraldsson <[h1h@hafnarfjordur.is](mailto:h1h@hafnarfjordur.is)>, Rannveig Einarsdóttir <[rannveig@hafnarfjordur.is](mailto:rannveig@hafnarfjordur.is)>



**Subject:** Re: Akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna í Hafnarfirði  
**Date:** laugardagur, 13. febrúar 2016 kl. 18:57:20 Greenwich-staðaltími  
**From:** Sveinn Andri Sveinsson  
**To:** Sigríður Kristinsdóttir  
**CC:** Haraldur Líndal Haraldsson, Rannveig Einarsdóttir  
**Attachments:** 67134F0B-C785-4624-A92F-6CC50D0514A6[9].png, image001.jpg, 67134F0B-C785-4624-A92F-6CC50D0514A6[6].png

Sæl Sigríður

Hefur Hafnarfjarðarbær samið við leigubílastöð í samræmi við bókun fjölskylduráðs? Ef það er tilfellið óskast það upplýst hvaða stöð á í hlut.

Virðingarfylst.

**Sveinn Andri Sveinsson**  
Hæstaréttarlögmaður / Supreme Court Attorney

## REYKJAVÍK LAWYERS

Grjótagötu 7, 101 Reykjavík  
Sími: 414 7425 GSM: 894-7406  
Netpóstur: [sas@reykjaviklawyers.com](mailto:sas@reykjaviklawyers.com)  
[www.reykjaviklawyers.com](http://www.reykjaviklawyers.com)

**From:** Sigríður Kristinsdóttir <[sigridurk@hafnarfjordur.is](mailto:sigridurk@hafnarfjordur.is)>  
**Date:** föstudagur, 29. janúar 2016 kl. 11:26  
**To:** Sveinn Andri <[sas@reykjaviklawyers.com](mailto:sas@reykjaviklawyers.com)>  
**Cc:** Haraldur Líndal Haraldsson <[hlh@hafnarfjordur.is](mailto:hlh@hafnarfjordur.is)>, Rannveig Einarsdóttir <[rannveig@hafnarfjordur.is](mailto:rannveig@hafnarfjordur.is)>  
**Subject:** FW: Akstur fatlaðra og fatlaðra skólabarna í Hafnarfirði

Sæll Sveinn Andri,

Vísað er til neðangreinds tölvupósts þíns frá 19. janúar s.l., sem sendur var til bæjarstjóra, en bæjarstjóri fól mér að svara honum.

Ákvörðun fjölskylduráðs um að gera samning við leigubílastöð til að sjá um akstur fyrir fatlað fólk sem sannanlega geti nýtt sér leigubíla til ferðaþjónustu er tilraunaverkefni, eins og fram kemur í bókuninni, sem mun standa yfir í 4 mánuði.

Með kveðju,

SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR hrl  
BÆJARLÖGMAÐUR